

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/573
komudagur 17. 12. 2008



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara menntamálanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 17.12.2008
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 218. mál, frv. til laga um breyting á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ofh. (136. löggj.þ.)

Heildarmat og tillaga

Að óbreyttu tel ég frumvarp (frv.) þetta geta orðið til hagsbóta fyrir neytendur að mestu leyti eins og rökstutt skal í umsögn hér að neðan.

Legg ég vinsamlegast til að frv. verði samþykkt af Alþingi að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram koma hér á eftir.

Tilfni

Vísað er til tölvuskeytis yðar, dags. 12. desember sl., um ofangreint þingmál og viðbótarfrests sem veittur var en beðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var.

Almennt um frumvarpið

Ég hef ekki áður gefið umsögn um drög að frumvarpi þessu. Vegna þess skamma tíma sem er til stefnu vil ég einskorða mig við þrennt - takmörkun á auglýsingum gagnvart börnum, eftirlit með útvarpsstarfsemi og umfjöllun um málefni neytenda sem lið í útvarpi í almannabágu.

Auglýsingar gagnvart börnum (4. gr. b í frv.)

Eins og fram kom í niðurlagi umsagnar um frv. til laga um RÚV hf., 401, mál á 132. löggjafarþingi, dags. 17. febrúar 2006, hefur talsmaður neytenda ásamt umboðsmanni barna unnið að því í um þrjú ár að leita leiða til þess að setja frekari mörk við markaðssókn sem beinist að börnum eins og embættin hafa rætt við yfir 50 hagsmunaaðila, þ.m.t. menntamálaráðherra. Munu leiðbeiningar, sem birtar voru fyrir tveimur vikum til umsagnar hjá almenningi

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindl neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavemd
- gefur út rökstuddar álitserðl
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirmælum frá öðrum

til jóla, verða gefnar út 1. janúar nk. Þar er fyrst og fremst lögð áhersla þrjú atriði - þ.e. á

- *vettvang* sem eigi að vera laus undan markaðsáreiti, svo sem skóli,
- *innihald* sem ekki er hollt í miklu magni, t.d. sætindi, og
- *miðla* sem eru sérstaklega áhrifaríkir gagnvart ungum börnum, svo sem sjónvarp.

Í síðastgreindu sambandi er að finna svohljóðandi ákvæði í lokadrögum okkar umboðsmanns barna til leiðbeiningar um aukna neytendavernd barna:

„1. *Barnaefni*

Engar auglýsingar skulu vera í sjónvarpi í barnatíma í opinni dagskrá.

2. *Selt barnaefni og lokuð sjónvarpsdagskrá*

Gæta skal hófs í auglýsingum sem birtast í lokaðri áskriftardagskrá eða í seldu barnaefni á DVD-diskum.

3. *Matvælaauglýsingar*

Ef matvæli eru auglýst 10 mínútum fyrir eða 2 mínútum eftir barnatíma eða annað efni sem höfðar til barna yngri en 12 ára skulu það aðeins vera matvæli sem geta talist holl. Kennimerki slíkra kostunaraðila skulu ekki sýnd í tengslum við barnaefni. Þetta á við hvort sem er í opinni dagskrá eða lokaðri.

4. *Vöruinnsetning*

Vöruinnsetning er ávallt óheimil í barnaefni.“

Vil ég því sérstaklega fagna því að menntamálaráðherra hefur fallist á að setja eftirfarandi ákvæði í frumvarpið sem nýja 13. gr.laga um RÚV ohf.:

„*Auglýsingar sem beint er að börnum, kostun og vöruinnsetning.*

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að sýna auglýsingar meðan á útsendingu barnaefnis stendur. Óheimilt er að sýna auglýsingar sem beinast að börnum í 10 mínútur fyrir og eftir útsendingu slíks efnis.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að afla tekna með kostun, nema þegar um er að ræða tiltekna stórviðburði. Nánar skal kveðið á um heimildir til kostunar í þjónustusamningi skv. 3. mgr. 3. gr.

Ríkisútvarpinu ohf. er óheimilt að afla tekna með vöruinnsetningu.“

Eina ábendingin sem ég hef um þetta ákvæði er formlegs eðlis - þ.e. að það kann að eiga betur heima í almennri löggjöf um útvarpsmálefni, þ.e. væntanlega í VI kafla útvarpslaga nr. 53/2000 um auglýsingar, fjarsölu og kostun, enda þarf í kjölfarið væntanlega einnig að taka á vernd barna gagnvart auglýsingum hjá öðrum sjónvarpsstöðvum en RÚV ohf.

Eftirlit með útvarpsstarfsemi (1. og 6. gr.)

Ég vil sömuleiðis fagna því að stefnt er að því að auka og efla eftirlit með útvarpsstarfsemi og tek undir eftirfarandi ummæli í greinargerð með 6. gr.

„Í framkvæmd hefur skortur á eftirliti með starfsemi félagsins og viðeigandi úrræðum sé brotið gegn lögnum þótt óheppilegur.“

Sama á við um aðrar sjónvarpsstöðvar og vil ég því koma á framfæri sömu ábendingu og hér að ofan - þ.e. að það kann að eiga betur heima í almennti löggjöf um útvarpsmálefni, þ.e. útvarpslögum nr. 53/2000. Í því sambandi vil ég árétta að æskilegt væri ef yfirstjórn *eftirlits* með atvinnustarfsemi væri ekki á hendi sama ráðherra og fer með *eignarhald* í ríkisfyrirtæki í þeim geira en slík stefnumörkun á að mínu mati einnig við um orkumál, fjarskiptamál o.fl.

Neytendabáttur

Loks vil ég árétta ábendingu, sem ég hef ítrekað komið á framfæri við útvarpsstjóra, að brýn þörf er á reglulegri og tíðri umfjöllun í ríkissjónvarpi um neytendamál en málið var síðast rætt við útvarpsstjóra á fundi í kjölfar opins bréfs sem birt var á vef talsmanns neytenda hinn 1. september sl. <http://talsmadur.is/Pages/55?NewsID=861>.


Tekjuöflun með nefskatti

Varðandi beina tekjuöflun sem er óbeint í þágu RÚV ohf. vil ég vísa til fyrri umsagnar um frv. til laga um RÚV hf., 401, mál á 132. löggjafarþingi, dags. 17. febrúar 2006, þar sem sagði um þetta efni:

„*Nefskattur í stað afnotagjalds*“

Ég hef talið afnotagjald eins og verið hefur við lýði vel til þess fallið að notendur greiði fyrir þjónustu Ríkisútvarpsins og ekki sé æskilegt í sjálfu sér að rjúfa tengsl þjónustu og gjalds. Með vísan til röksemda í 4. kafla almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu (bls. 14) geri ég þó ekki athugasemdir við þessa breytingu á tekjustofni Ríkisútvarpsins enda virðist nefskattur í betra samræmi við 77. gr. stjórnarskráinnar en núverandi fyrirkomulag. Ég legg hins vegar áherslu á að tryggt verði betur að með þessu sé ekki rýrður hagur neytenda og einkum tekjulægri fjölskyldna og fjölskyldna með ungt fólk á skólaaldri.“

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.